

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 29. október 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-21/2015:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 5. mars sl. bað X f.h. húsfélagsins að Z, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á sérsmíðaðri hurð, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 6. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 16. mars. Með bréfi, dags. 18. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær sama dag. Með bréfi, dags. 19. mars, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og bárust þau hinn 1. apríl. Með bréfi, dags. 8. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á frekari athugasemdum og bárust þær hinn 13. apríl. Með bréfi, dags. 15. apríl, var seljanda gefinn kostur á enn frekari andsvörum og bárust þau hinn 28. apríl. Með bréfi, dags. 5. maí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á enn frekari athugasemdum og frestur til að skila þeim til 19. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 13. október, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgja kemur m.a. fram að hinn 27. október 2014 óskaði álitsbeiðandi eftir tilboði frá seljanda í fjórar hurðir, þrjár geymsluhurðir og eina útihurð. Snýr ágreiningur aðila að útihurðinni eingöngu. Hinn 28. október barst álitsbeiðanda tilboð frá seljanda að fjárhæð kr. 363.000 fyrir geymsluhurðirnar, kr. 301.500 fyrir útihurðina auk kr. 55.000 fyrir vinnu við uppsetningu hverrar hurðar, samtals kr. 220.000. Samtals hljóðaði tilboðið því upp á kr. 884.500. Greiddi álitsbeiðandi staðfestingargjald að fjárhæð kr. 199.350 hinn 6. desember 2014. Hinn 21.-22. desember 2014 setti seljandi hurðirnar upp, en einhverjar tafir munu hafa orðið á uppsetningunni vegna rangra mælinga eða smíða. Hinn 4. febrúar 2015 fékk álitsbeiðandi húsasmíðameistara til að skoða hurðina og skrifaði sá aðili minnisblað um skoðunina, dags. 5. febrúar 2015. Í minnisblaðinu kemur fram það álit húsasmíðameistarans að umrædd útihurð sé verulega gölluð, bæði hvað varði útlit, smíði og frágang. Í kjölfar þess að fá minnisblaðið afhent sendi álitsbeiðandi afrit af því til seljanda ásamt kvörtun. Hinn 6. febrúar bauðst seljandi til að skoða hurðina og reyna að sætta málið. Fór sú skoðun fram 18. febrúar og lagði seljandi til að hann myndi gera við hurðina. Þeirri viðgerð segist álitsbeiðandi hafa mótmælt. Hinn 19. febrúar bauðst seljandi til að smíða aðra hurð, nákvæmlega eins, og setja hana upp á sinn kostnað. Hinn 20. febrúar óskaði álitsbeiðandi eftir því að kaupunum á hurðinni yrði rift með vísan til útlitsgalla á hurðinni. Hinn 25. febrúar hafnaði seljandi riftunarkröfu álitsbeiðanda, auk þess, að sögn álitsbeiðanda, að draga boð sitt um nýja hurð til baka. Í stað þess hafi seljandi aðeins boðið aðurnefnda viðgerð.

Álitsbeiðandi rekur að ágreiningnum megi skipta í tvennt. Annars vegar snúist hann um alvarlega smíða-, uppsetningar-, og frágangsgalla sem geri það að verkum að nauðsynlegt sé að smíða nýja hurð. Hins vegar sé um að ræða hönnunargalla á hurðinni sem komi í veg

fyrir að hurðin sé af þeim gæðum sem seljandi hafi lofað álitsbeiðanda, þ.e. að hurðin sé jafn góð eða betri en hurðir smíðaðar úr einni einingu, en þar að auki útlitsatriði sem ekki voru greinileg á teikningum seljanda eða á myndum af heimasíðu seljanda. Telur álitsbeiðandi að umrædd atriði séu útlitsgalli og vísar til fyrrnefndrar skoðunarskýrslu húsasmiðameistara máli sínu til stuðnings. Umrædd útlitsatriði séu skrautfræsingar sem ná ekki alla leið um hurð og glugga sem og mjög ójafnt bil milli eininga sem lýti hurðina mikið. Segir álitsbeiðandi að ekki sé um það deilt að hann hafi pantað þriggja eininga mahóni útihurð og að það væri varan sem hann fékk afhenta. Hins vegar hafi álitsbeiðandi ekki verið upplýstur um það mikla bil sem reyndist vera á milli þessara eininga, heldur hafi álitsbeiðandi gert ráð fyrir að einingarnar féllu þétt saman, líkt og ráða hafi mátt af myndum og teikningum frá seljanda. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi sagt umrætt bil eðlilegt. Eins segir álitsbeiðandi að álykta hafi mátt það af myndum frá seljanda að skrautfræsing næði allan hringinn um hurð og glugga, en ekki aðeins upp hliðarnar eins og raunin varð. Seljandi hafi svarað því til hvað þetta varðaði að í tilboðinu kæmi fram setningin: „Gluggaprófill er með skrautfræsingunni pr. 3“ og að það skýrði hvernig útlit hurðarinnar kæmi til með að verða ásamt því að álitsbeiðandi hafi ekki borið sig eftir frekari upplýsingum um fræsinguna.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi riftunar. Telur álitsbeiðandi að hvorki upplýsingar í tilboði seljanda, teikningar með tilboði eða myndir á heimasíðum félagsins hafi gefið til kynna þau útlitslýti sem á hurðinni séu. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af minnisblaði húsasmiðameistara, dags. 5. febrúar 2015, afrit af tilboði seljanda til álitsbeiðanda, dags. 27. nóvember 2014, afrit af teikningu seljanda af hinni umþrættu hurð ásamt 13 ljósmyndum af hurðinni uppsettri.

#### IV

#### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafi með tölvubréfi óskað eftir tilboði í hurð og tekið fram hvernig hurðin og hurðarkarmurinn ættu að líta út. Segir seljandi að í tölvubréfinu geri álitsbeiðandi sér fyllilega grein fyrir að hurðarkarmur, hliðarstykki, yfirgluggi, fulning og bréfalúga séu sett saman úr þremur einingum. Þetta hafi álitsbeiðandi engar athugasemdir gert við, né kallað eftir frekari upplýsingum. Seljandi rekur að eftir uppsetningu hurðarinnar og eftirfarandi kvörtunar álitsbeiðanda, hafi seljandi skoðað hurðina hinn 16. febrúar. Á fundinum segist seljandi hafa boðið álitsbeiðanda að hann kæmi aftur og lagaði hurðina og hurðakarminn. Álitsbeiðandi hafi hins vegar viljað nýja hurð og nýjan karm, nú í heilu lagi. Segist seljandi hafa hafnað þess á þeim forsendum að hann smíði ekki hurðakarma í heilu lagi fyrir hurðir sem opnast inn, sökum þess að þá þurfi að glerja glugga að innan, sem stór auki hættu á leka. Þá segir seljandi að álitsbeiðandi hefi einnig gert þá kröfu að skrautfræsing yrði allan hringinn. Því segist seljandi hafa hafnað, þar sem um staðlaða framleiðslu sé að ræða og álitsbeiðandi hafi pantað hurðina eins og hún var. Þá segir seljandi einnig að ekki sé hægt að fræsa allan hringinn þar sem „fræshauser séu hannaðir til að gera þetta svona.“ Segir seljandi að fundinum hafi síðan lokið án niðurstöðu. Seljandi rekur næst að hinn 26. febrúar hafi félagið boðið álitsbeiðanda að nýja hurð, hurðakarm, hliðarstykki og uppsetningu, en því hafi álitsbeiðandi hafnað og frekar viljað endurgreiðslu. Þeirri kröfu segist seljandi hafa hafnað.

Næst rekur seljandi þá útlitsgalla á hinni umþrættu hurð, sem hann telur að þurfi að laga. Í fyrsta lagi þurfi að skipta um glerlista og fela skrúfu þar, sem og að laga samskeyti. Í öðru lagi sé hægt að laga sponsu í hurðarkarmi. Í þriðja lagi bendir seljandi á að ekki hafi verið hægt að kítta betur undir hurðina en úr varð þar sem hurðin var sett upp við mjög erfið skilyrði í desember. Þessu til viðbótar rekur seljandi að rifur milli eininga stafi af því að settir séu þéttiborðar á milli eininganna, ásamt límkíttri. Rifur geti verið misjafnar, en eigi að vera um það bil 4mm +/- 1mm á metra. Raki og hreyfing á timbri geti einnig haft áhrif á rifurnar.

Seljandi tekur það sérstaklega fram að hann hafni því að um hönnunargalla sé að ræða þar sem hurðakarmar séu smíðaðir til þess að geta haft hallandi fals og glerlista með „EPDM“ að utan ásamt undirlista með lofunarraufum og glerjunarborða að innan.

Seljandi rekur einnig að hann telji að andmælaréttur hafi verið brotinn á sér vegna úttektar húsasmiðs á hurðinni. Mótmælir seljandi því alfarið að minnisblað húsasmiðsins verði notað sem gagn í málinu. Segir seljandi að úttektaraðili lýsi þar skoðunum sínum um það hvernig eigi að smíða hurðakarma og hvernig skrauti eigi að vera háttað. Við úttektina hafi ekki verið kallað eftir neinum gögnum eða upplýsingum frá seljanda.

Að lokum tekur seljandi fram að hann hafni kröfu álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi hafi vitað að hurðin var sett saman úr einingum. Því sé ekki um hönnunargalla að ræða. Þá hafnar seljandi allri endurgreiðslu peninga í málinu þar sem ekki sé um stórvægilega galla að ræða, hvorki útlits- né hönnunargalla. Seljandi ítrekar að hann sé tilbúinn að laga umrædda hurð og hurðarkarm þar sem hafi brotnað úr frá skrófu, lagfæra spón og samskeyti og fara yfir hurðina alla og karminn, allt á sinn kostnað, ef álitsbeiðandi samþykkir það sem málalok.

Meðfylgjandi andsvörum er afrit af tölvupóstsamskiptum aðila, upphaflegu tilboði seljanda til álitsbeiðanda, sem og teikningum.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telur ástæðu til að taka fram að hann sé persónulega ekki kaupandi hurðarinnar, heldur Z, húsfélag. Segir álitsbeiðandi að honum hafi verið tjáð að þetta komi ekki að sök þar sem litið sé á húsfélög með sama hætti og neytendur í kauparétti. Húsfélagið sé því réttur aðili að kröfunni sem gerð er í málinu. Næst rekur álitsbeiðandi að hurðin sem hann fékk í hendurnar hafi ekki verið eins og hann mátti búast við miðað við þær upplýsingar sem hann hafði aðgang að og veittar voru af seljanda. Þetta sé óðháð því hvernig til tókst við uppsetningu seljanda á hurðinni. Segir álitsbeiðandi að skrautfræsingar sem aðeins séu á lóðréttum spýtum hurðarinnar stingi í augun og upp- og samsetning seljanda á hurðinni, sem skv. seljanda megi vera með allt að 4mm skekkju, gefi heildarmynd hurðarinnar skælt yfirbragð. Telur álitsbeiðandi að seljandi geti ekki smíðað þá hurð sem hann taldi sig vera að kaupa, þar sem seljandi virðist telja aðferðir við þá smíði stríða gegn sinni betri vitund og, að því virðist, tækjabúnaði. Því óskar álitsbeiðandi eftir riftun á kaupunum. Álitsbeiðandi segir ennfremur að hefði hann fengið vöru sem var eins og hann bjóst við, en illa uppsett, þá myndi hann ekki óska eftir endurgreiðslu heldur nýsmíði eða viðgerð, væri slíkt mögulegt. Þetta sé hins vegar ekki raunin. Málið snúist þannig ekki um uppsetningu hurðarinnar eða frágang, heldur hurðina sjálfa og meðfylgjandi einingar og það útlit sem hurðin og einingarnar hafi uppsett.

Segir álitsbeiðandi að enginn vafi sé á að hann hafi vitað að um þriggja eininga hurð væri að ræða, en það sem hann hafi ekki getað gert sér í hugarlund og hafi ekki verið upplýstur um af seljanda, sé hversu skökk og illa útlítandi hurðin reyndist vera. Segist álitsbeiðandi ekki hafa fengið neinar myndir eða aðrar upplýsingar um hvað væru ásætlanleg bil milli eininga og því miður hafi hann ekki haft vit á að spyrja um slíkt. Eins hafi ekki verið talað berum orðum um að aðeins yrðu skrautfræsingar á lóðréttum spýtum, aðeins óljósar tilvísanir seljanda í „pr. 3“ neðst í tilboði hans. Segist álitsbeiðandi hafa talið að myndir á vefsíðu seljanda, ásamt teikningum, ættu að sýna nægilega vel útlit hurðarinnar sem hann hafi pantað. Þegar hurðin hafi verið komin á staðin uppsett hafi verið greinilegt að svo var ekki. Teikningar seljanda séu einfaldar línuteikningar þar sem bil og skrautfræsingar séu ekki táknáðar. Því hafi hvorki myndir seljanda, né teikningar, sýnt hverju var við að búast hvað varðaði skrautfræsingar, bil milli eininga og hugsanlegar skekkjur. Tekur álitsbeiðandi það sérstaklega fram að athugasemdir um framangreint séu hans hugmynd, þó að sömu sjónarmið séu tiltekin í áður nefndu minnisblaði húsasmiðameistarans.

Vegna ummæla seljanda um að hann hafi ekki verið kallaður til áður en áðurnefndur húsasmíðameistari var beðinn um að gera úttekt á hurðinni, segir álitsbeiðandi að það hafi verið vegna þess að álitsbeiðandi taldi sig sjálfan ekki hafa vit á smíðinni og því hafi hann viljað fá álit fagmanns áður en hann kvartaði til seljanda. Segir álitsbeiðandi að það hljóti að vera hans réttur að fá þriðja aðila til að framkvæma slíka skoðun. Sé svo ekki þá óskar álitsbeiðandi eftir leiðbeiningum kærunefndarinnar um hvernig hann ætti að bera sig að. Rekur álitsbeiðandi næst að í kjölfar skoðunar á hurðinni hafi seljandi boðist til að smíða aðra nákvæmlega eins hurð. Segir álitsbeiðandi að þar sem hann hafði enga ástæðu til að ætla að sú hurð myndi líta betur út en hurðin sem var þegar búið að setja upp. með tilheyrandi hönnunar- og útlitsgöllum, hafi hann hafnað því tilboði og farið fram á riftun.

## VI

### Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi hafi boðið upp á samskonar skrautfræsingu og á hurð álitsbeiðanda allt frá árinu 2007. Segir seljandi að aðferðin við fræsinguna, hafi verið yfirfarin og samþykkt af rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og sé fræsingin síður líkleg til að valda leka en aðrar skrautfræsingar. Tekur seljandi sérstaklega fram að álitsbeiðandi hafi ekki kvartað undan skrautfræsingum né samskeytum fyrr en að verki loknu, en hann hafi hins vegar sett út á þykkt lista. Eins bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi viðurkennt að hann hafi ekki gert sér grein fyrir að skrautfræsing væri bara á hliðum en ekki undir og yfir. Telur seljandi að álitsbeiðandi hefði átt að biðja um frekari upplýsingar eða mæta á verkstæði seljanda og skoða framleiðsluna. Þar sem hann hafi ekki gert svo, geti hann varla kvartað undan fræsingunni. Hvað varði teikningarnar hafi seljandi alltaf notast við samskonar teikningar og ef viðskiptavinir vilji frekari upplýsingar getið þeir beðið um þær. Það hafi seljandi ekki gert. Seljandi rekur einnig að hann hafi viljað fresta uppsetningu á hurðinni vegna þess að vinnupallar o.fl. voru fyrir dyraopinu.

## VII

### Frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í enn frekari athugasemdum álitsbeiðanda er fyrst og fremst rakið að ekki sé rétt að álitsbeiðandi hafi rekið á eftir því að hurðin yrði sett upp, á sama tíma og seljandi hafi óskað eftir að fresta því. Engin slík pressa hafi verið sett á seljanda sem aftur hafi ekki gert neinar athugasemdir við að vinnupallar voru á svæðinu sem í sumum tilvikum þvældust fyrir. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi aldrei óskað eftir því að fresta verkinu. Eins segist álitsbeiðandi að rétt sé að það komi fram að á meðan á verkinu stóð hafi hann kvartað undan miklu bili á milli eininga. Birtuskilyrði við verklok seljanda hafi hins vegar ekki boðið upp á mikla nákvæmnisskoðun.

## VIII

### Enn frekari andsvör seljanda

Í enn frekari andsvörum seljanda kemur aðallega fram að seljandi telji að álitsbeiðandi hafi lagt mikla áherslu á að hinu umdeilda verki yrði lokið í desember.

## IX

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. laganna. Kærunefndin telur rétt að taka fram að litlu mál skiptir þegar kemur að því að ákvarða undir hvaða lög ágreiningur aðila falli, hvort álitsbeiðandi komi fram einn, eða fyrir hönd húsfélagsins að Z. Hefur kærunefndin litið á húsfélög sömu augum og neytendur, sbr. t.d. M-116/2011. Þá skiptir heldur ekki máli hér hvað telst til séreignar í lögum nr. 26/1994 um fjöleignahús þar sem húsfélög geta vissulega þurft að taka þátt í kostnaði vegna séreignar í fjöleignahúsi.

Eins og að framan er rakið snýr ágreiningur aðila að útidyrhurð sem álitsbeiðandi keypti af seljanda, ásamt uppsetningu í desember 2014. Greiddi álitsbeiðandi kr. 301.500 fyrir hurðina ásamt kr. 55.000 fyrir uppsetningu hennar. Mun uppsetningin, sem framkvæmd var af seljanda, hafa farið fram 21. – 22. desember 2014. Á sama tíma keypti álitsbeiðandi einnig þrjár geymsluhurðir af seljanda, ásamt uppsetningu, en ekki er deilt um þær hurðir hér.

Álitsbeiðandi mun hafa gert einhverjar athugasemdir við hurðina á meðan á uppsetningu hennar stóð. Deila aðilar þó um hvað gert var athugasemdir við. Seljandi segir sjálfur að álitsbeiðandi hafi aðeins gert athugasemdir við ójafna lista. Álitsbeiðandi segist hins vegar eingöngu hafa gert athugasemdir við mikið bil milli eininga hurðarinnar. Hvað sem þessu líður er vert að taka fram að frestir til að bera fyrir sig galla skv. lögum nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 27. gr. laganna, eru fráleitt takmarkaðir við afhendingardag. Skiptir því í raun litlu sem engu máli undan hverju álitsbeiðandi kvartaði og hvenær, svo fremi sem það var gert innan þess frests sem kveðið er á um í 27. gr., þ.e. ýmist innan 2 eða 5 ára frá því afhending á söluhlutum fór fram, sbr. 2. mgr. 27. gr. laganna og ennfremur, án ástæðulauss dráttar frá því hann varð var við galla, en sá frestur er þó aldrei skemmri en 2 mánuðir frá því neytandi varð var við galla, sbr. 1. mgr. 27. gr. Fyrir utan óljósar kvartanir á afhendingardegi hinn 22. desember 2014 kvartaði álitsbeiðandi óumdeilanlega undan galla við seljanda hinn 5. febrúar 2015. Var það þannig gert innan þess frests sem kveðið er á um í framanrakinni 1. mgr. 27. gr. laganna.

Álitsbeiðandi hafði undanfarandi kvörtun sinni fengið húsasmíðameistara til að taka út hina umþrættu hurð og skilaði húsasmíðameistarinn minnisblaði um hurðina hinn 5. febrúar, sem álitsbeiðandi áframsendi á seljanda sama dag. Seljandi hefur gert alvarlegar athugasemdir við að álitsbeiðandi hafi fengið sérfræðing til að skoða hurðina, án þess að seljanda hafi verið boðið að vera viðstaddur og koma að athugasemdum sínum og að þar sem það hafi ekki verið gert hefur álitsbeiðandi krafist þess að minnisblaðið verði ekki hluti af gögnum málsins. Virðist seljandi telja að umrætt minnisblað eigi að jafngilda skoðunarskýrslu dómskvadds matsmanns og þeim reglum sem um slíkt skjal gilda skv. lög um einkamál nr. 91/1991. Er skemmst frá að segja að svo er ekki. Álitsbeiðandi hafði fullan rétt til þess að fá fagmann til að taka út hurðina, án aðkomu seljanda og leggja fram minnisblað um skoðun sína. Slíku minnisblaði verður ekki rutt úr vegi sem gagn í máli þessu, þrátt fyrir að seljandi hafi ekki verið viðstaddur skoðunina. Minnisblaðið þjónaði þeim tilgangi að veita álitsbeiðanda frekari upplýsingar um það hvort það sem hann teldi vera galla, gæti almennt talist það. Er gagnið þannig ekki ómerkt sem slíkt, þrátt fyrir að það hafi annað og minna vægi en skýrsla dómskvadds matsmanns. Telur kærunefndin að hún hafi fullan rétt til að líta til umrædds skjals sem og annarra gagna í málinu.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í 1. mgr. 16. gr. segir m.a.:

“Söluhlutur telst vera gallaður ef:

- a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin“

Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir síðan að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“ og í b-lið sömu málsgreinar segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan“Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Í málinu liggja fyrir ljósmyndir af hinni umþrættu útidyrhurð, ásamt minnisblaði húsasmíðameistara um hurðina. Í stuttu máli gerir álitsbeiðandi helst athugasemdir við eftirtalda þætti hvað varðar hurðina: Að samsetning eininga hurðarinnar sé með þeim hætti að brot verði bæði í lóðréttum og láréttum línunum. Að skrautfræsingar séu aðeins lóðrétt og að það hafi ekki verið tekið sérstaklega fram við kaupin. Að einingar hurðarinnar gapi mikið. Flaskað sé úr við á nokkrum stöðum. Sponstappar illa unnir. Sumt af framangreindu geti síðan haft þær afleiðingar að hurðin leki, m.a. áðurnefnd bil milli eininga, sem og að hurðin sjálf sé bogin, sem geri það að verkum að hún gapi nema þegar hún sé læst þriggja punkta læsingu, ásamt frágangi á hurðarkarmi og þéttingar milli karma og steins.

Kærunefndin hefur skoðað ljósmyndir þær sem fylgdu álitsbeiðni og borið þær saman við fullyrðingar álitsbeiðanda. Verður ekki annað lesið úr myndunum en að þær styðji við flest ef ekki allt sem álitsbeiðandi kvartar undan. Að auki má lesa út úr ljósmyndunum að útlit hurðareiningarinnar stemmi ekki við teikningar seljanda hvað varðar þykkt á einingum og að það hafi m.a. þær afleiðingar að brot er á lóð- og láréttum línunum hurðarinnar. Eins styðja myndirnar við fullyrðingar álitsbeiðanda um slælegan frágang og mikið bil milli samsettra eininga. Verður þannig að fallast á það með álitsbeiðanda, gegn mótmælum seljanda, að hin umdeilda hurðareining sé haldin galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Er þá hvort tveggja litið til þess hvernig einingum hurðarinnar og hönnun hennar er háttáð og hvernig útlit hurðarinnar fær litla samsvörun í teikningum og myndum sem seljandi lagði fram fyrir kaupin, sem og uppsetningu, frágang og heildarmynd hurðarinnar uppsettrar.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að kaupunum verði rift sbr. 32. gr. laganna. Er rétt að taka fram að á fyrra stigi bauð seljandi fram nýja afhendingu, en hefur eftir að álitsbeiðandi hafnaði því einu sinni, dregið það boð til baka og heldur sig nú aðeins við tilboð sitt um viðbætur, þ.e. úrbætur á hurðinni. Kærunefndin telur samkvæmt því sem að framan er rakið, að viðgerð á hurðinni eins og hún er í dag, muni ekki verða fullnægjandi til

að bæta úr göllum á henni. Þá telur kærunefndin að misræmi milli útlits hurðarinnar og þeirra teikninga og mynda sem lagðar voru fram af seljanda fyrir kaupin, geri það einnig að verkum að ný afhending myndi ekki duga til að bæta úr gallanum. Telur kærunefndin því að fallast verði á kröfu álitsbeiðanda um riftun skv. 32. gr. Telur nefndin rétt að taka fram að við riftun má skv. 2. mgr. 49. gr. laganna, krefjast skila á því sem mótttekið hefur verið. Þ.e. að krefjist seljandi þess, er álitsbeiðanda skylt að skila umræddri hurð. Þá er seljanda skylt að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð hurðarinnar, ásamt kostnaði við uppsetningu hennar, samtals kr. 356.500.

## X

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, húsfélaginu Z, kr. 356.500.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir